

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2387  
komudagur 7.5.2004



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2004

**Efni: Umsögn BSRB um þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál.**

Föstudaginn 23. apríl fékk BSRB í hendur til umsagnar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 873. mál og var óskað eftir umsögn bandalagsins mánudaginn 26. apríl. Því miður hefur ekki gefist með svo skömmum fyrirvara að gera ítarlega úttekt á þessu mikilvæga þingmáli.

Þegar á heildina er litið tekur BSRB undir þingsályktunartillöguna þótt þar megi efalaust margt bæta. Í jafnréttisáætluninni er gerð tilraun til þess að setja framkvæmdir og úrbætur inn í ákveðinn tímaramma og er það vinnuáðferð sem æskilegt væri að fylgja. Í áætluninni er vísað til stöðu kvenna innan BSRB og má í því sambandi nefna fyrirheit um að bæta stöðu kvenna innan lögreglunnar og er þetta í samræmi við stefnu bandalagsins, að leitast skuli við að jafna stöðu kynjanna.

BSRB fagnar því að úttekt skuli gerð á launamyndun og kynbundnum launamun hjá starfsmönnum ríkisins, en vekur jafnframt athygli á að fyrirheit hafa verið um að slík rannsókn yrði gerð allar götur síðan 1997. Þau fyrirheit hafa hinsvegar aldrei verið efnd. Þá vekja samtökin athygli á að ekki nægir að kanna stöðuna í þessum efnum heldur þurfa sammingsaðilar einnig að ræða markvissar leiðir til úrbóta.

BSRB telur mikilvægt að samtök á vinnumarkaði eigi greiða aðkomu að umræðu um jafnréttismál og eru samtökin reiðubúin til umræðu um það efni.

f.h. BSRB

Handwritten signature of Svanhildur Halldórsdóttir in black ink.  
Svanhildur Halldórsdóttir